

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. nóvember 2020:

Lagt er til að farið verði í átak í að efla og laða fleiri tónlistarskóla til samstarfs við leik- og grunnskóla í þeim tilgangi að tónlistarnám barna verði hluti af skóladegi þeirra. Sýnt hefur verið fram á að tónlistarnám barna stuðli að bættum árangri þeirra í öðru námi, sem undirstrikar enn frekar mikilvægi tónlistarnáms skólabarna. Þá er lagt til að skoðað verði hvort útvíkka megi samstarfið þannig að tónlistarskólarnir sinni jafnframt tónmenntakennslu í þeim grunnskólum þar sem tónlistarkennslu er ekki sinnt í samræmi við aðalnámskrá og sumir árgangar fá enga tónmenntakennslu.